

Ágætu aðalfundarfulltrúar!

En það fór þó aldrei svo, að ég ætti ekki eftir að standa hér aftur í púlti til að setja aðalfund Landssambands smábátæigenda. Fyrir það er ég þakklátur. Þetta félag stendur hjarta mínu nær en flest annað. Málefni smábátæigenda hafa brunnið í brjósti mér í áratugi og af engu minni ástríðu nú en áður.

Óréttur gagnvart þessari atvinnustétt er ólíðandi og óþolandi. Það er hlutverk LS að berjast gegn þessu. Ef við gerum það ekki, hleypur enginn í skarðið.

Árið á milli aðalfunda hefur verið harla undarlegt. Fundir haldnir á netinu og fólki ráðlagt að forðast hvort annað. Það er því sannarlega ánægjulegt fyrir okkur að vera komin á þann stað sem við erum hér í dag.

Ég óttast að slagkraftur félagasamtaka á borð við LS myndi fara hratt dvínandi ef menn gætu ekki hist eins og við gerum nú. Tæknin er dásamleg – en hún mun aldrei ná því að verða ígildi þeirra mannlegu samskipta sem okkur eru eðlileg.

Landssamband smábátæigenda er byggt á hugsjónum sem lifa enn góðu lífi. Við trúum því að smábátaútgerðin standi fyrir fjölmörgum þáttum sem önnur útgerðarform gera ekki.

Við erum sannfærðir um að notkun veiðarfæra, orkunotkun, atvinnusköpun og fjölmargir aðrir þættir skipti máli. Við trúum því að í smábátaútgerðinni felist mikilvægar lausnir, en ekki vandamál. Ekki bara hérlendis, heldur hvarvetna. Til áratuga hefur smábátafloti heimsins veitt a.m.k. helming þess sem dregið er úr heimshöfunum á matardisk mannkynsins. Þessir bræður okkar og systur um alla veröld glíma við keimlík vandamál og þau sem við munum fjalla um í störfum okkar á þessum aðalfundi. Gleypigang stórfyrirtækja og torræða stjórnarsýslu.

Það er þessar staðreyndir sem knýja mig áfram. Í allri umhverfisumræðunni hlýtur að koma að því að þessir þættir fái verðskuldaða athygli. Gerist það ekki, er ekkert að marka allt hjal um umgengni mannsins til lands og sjávar.

LS var t.d. frumkvöðull hérlendis í því að draga inn í umræðuna notkun veiðarfæra. Að botndregin veiðarfæri hefðu margföld áhrif í umhverfi hafsins, samanborið við þau kyrrstæðu. Mér er er í fersku minni að þetta taldi hagsmunabatteri stórútgerðarinnar á sínum tíma beinlínis þess vert að gera gys að.

Eitt af því sem markvert gerðist á starfsárinu voru Alþingiskosningar. Margt var sagt í aðdraganda þeirra – en það var sláandi hvað var varla nefnt á nafn: sjávarútvegurinn, fiskveiðikerfið og árangurinn við uppbyggingu fiskistofna.

Maður hefði haldið, að í kjölfar þess að atvinnugreinin sem stærst var orðin fyrir Covid bókstaflega hrundi, myndu sjónir manna beinast að nýju að þeim atvinnuvegi sem var mikilvægastur, nýting fiskveiðiauðlindarinnar.

Og kannski getum við leyft okkur að vera bjartsýnir: Margir þeirra sem buðu fram til Alþingis lýstu stuðningi við breytingar á strandveiðikerfinu sem myndi breyta því úr þeim bastarði sem það er að óbreyttu, í ásættanlegt vinnuumhverfi. Þau stjórn málaöfl sem gerðu þetta ekki með beinum hætti töluðu hlýlega um að bæta þyrfti hag lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Ég vil í þessu sambandi greina frá atburðarás sem fór í gang í kjölfar þess að sjávarútvegsráðherra, Kristján Þór Júlíusson, hafi samband við mig og spurði mig hvort það væri möguleiki að LS myndi fallast á að grásleppan yrði kvótasett og 48 dagar til strandveiða yrðu lögfestir. Ég gerði það sem ég tel hafa verið það eina rétta, þ.e. að kalla saman stjórnarfund og leggja málið þar fyrir.

Skemmst er frá því að segja að stjórnin samþykkti það eitt að ég og framkvæmdastjórinn myndum kalla eftir fundi með ráðherra til að fá nánari skýringar á því hvernig þetta gæti átt sér stað. Á „fjarfundi“

með ráðherra tveimur dögum síðar greindi hann okkur frá því að þetta væri pólitískur ómöguleiki. Þar með var hugmyndin úr sögunni. Hvert framhaldið verður með nýrri ríkisstjórn veit ég ekkert meir en hver annar í þessum sal.

Grafarþögnin sem pólitíkin kýs að ríki um hið fullkomna árangursleysi „uppbyggingarþrógrams“ Hafrannsóknastofnunar er kannski einn undarlegasti flöturinn á umræðunni um sjávarútveginn.

Mér er algerlega óskiljanlegt að fulltrúar þjóðarinnar á löggjafarsamkomunni skuli ekki fyrir löngu vera búnir að kalla eftir því að fá þá staðreynd útskýrða hvers vegna áratuga tilraunastarfsemi Hafrannsóknastofnunar með togararall og reikniforrit skuli árangurinn í raun vera minni en enginn.

Það er þyngra en tárur taki að rifja upp tölurnar.

Í febrúar 1984 var gefin út fyrsta reglugerðin um leyfilegan heildarafla.

Árið 1984 var gefinn ú leyfilegur heildarafli í þorski upp á 220 þúsund. Fyrir yfirstandandi fiskveiðiár er talan 220.417 tonn.

Árið 1984 var gefinn út leyfilegur heildarafli í ýsu upp á 60 þúsund tonn.

Fyrir yfirstandandi fiskveiðiár er sú tala rúm 41 þúsund tonn, eða rúmlega 30% lægri.

Árið 1984 var gefinn út leyfilegur heildarafli í ufsa upp á 70000 tonn. Bravó! Nú var gefinn út ufsakvóti upp á 77.381 tonn , rúmlega 10% aukning!

Árið 1984 var gefinn út leyfilegur heildarafli í steinbít upp á 15 þúsund tonn.

Nú er þessi tala hrunin niður í rúm 8300 tonn, 45% lækkun.

Árið 1984 var gefinn út leyfilegur heildarafli í karfa upp á 110 þúsund tonn.

Nú: 28.554 tonn – 26% af tölunni 1984.

Árið 1984 var gefinn út leyfilegur heildarafli á grálúðu upp á 30 þúsund tonn.

Nú: Rúm 15 þúsund tonn – 50% samdráttur.

Og lestina rekur skarkolinn – en fyrsta reglugerðin innihélt aðeins 7 fisktegundir.

1984 lagði Hafró til 17 þúsund tonna veiði, en nú 7800 tonn. Reyndar 7805 tonn, því reiknimódelin eru svo hárnákvæm.

Hvernig má það vera að ekki einn einasti stjórnmalamaður lét það hvarfla að sér að nefna þessar staðreyndir í kosningabaráttunni? Hvernig má það vera að ekki einn einasti fjölmiðill tekur þessar staðreyndir til umfjöllunar?

Í Svörtu skýrslunni svokölluðu, sem Hafró gaf út 1972 var ekkert verið að skafa af hlutunum.

Orðrétt upp úr skýrslunni:

„Meðalafli botnlægra tegunda á Íslandsmiðum hefur á undanförunum árum numið um 700 þúsund tonnum. Talið er, að með hagkvæmri nýtingu mætti auka aflann í um 850 þúsund tonn...“.

Og ögn síðar segir:

„Talið er að hámarksafkastur þorskstofnsins sé nær 500 þúsund tonn á ári“.

Miðað við viðbrögð stjórnvalda og fjölmiðla er næst lagi að líta svo á að þessir aðilar telji eðlilegt að láta þetta yfir sig ganga.

Það ætla ég sem hér stendur ekki að gera. Ég mun benda á þessar staðreyndir svo lengi sem ég tel þess þörf og hef til þess þrek.

Fyrir þessum fundi liggja fjölmargar samþykktir og tillögur svæðisfélaga LS og félagsmanna.

Ég gæti nefnt drónaeftirlit Fiskistofu, mönnunarmál og kröfur Samgöngustofu í því sambandi, aflagdagbókarapp og hvaðeina.

Það er ekki ætlun mín að fara í krufningu á þessu – til þess er einfaldlega ekki tími.

Það liggur hinsvegar ljóst fyrir að félagsmenn LS vilja sjá breytingar á núverandi fyrirkomulagi við nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar.

Eina leiðin til að ná þeim markmiðum er að leggjast samhentir á árararnar, leggja til hliðar ágreiningsmálin og sameinast um það sem fleytir okkur fram veginn.

Í þessu sambandi er sérlega ánægjulegt að á þessum fundi sitja þrír félagsmenn Hrollaugs, félags smábátæigenda á Hornafirði. Ég vil bjóða þá sérstaklega velkomna. Þeir samþykktu á aðalfundi sínum fyrir stuttu að sameinast LS á nýjan leik. Þar með er keðjan órofin, hringinn í kring um landið.

Ég hef séð á hinum svokölluðu samfélagsmiðlum skrautlegar fullyrðingar um að „það sé nánast enginn lengur“ í Landssambandi smábátæigenda. Í því sambandi er rétt að upplýsa á þessari stundu að u.þ.b. 93% strandveiðimanna er í Landssambandi smábátæigenda. Ég skora á ykkur sem standið enn utan félagsins að sameinast því. Takið þátt í baráttunni!

Ágætu aðalfundarfulltrúar! Gangið til ykkar starfa með það að markmiði að sameina kraftana. Gangið til starfa ykkar í krafti þeirrar sannfæringar að málefnið sem við berjumst fyrir skipti máli fyrir land og lýð.

Ég segi þennan 37. aðalfund LS settan.

Arthur Bogason